

Skipulagsstofnun
Auður Yr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

UST

Umhverfisstofnun

Environmental Agency of Iceland

Stofnun umhverfisráðgjafna og
108 Reykjavík, Ísland

Tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

1. desember 2003

Tilvísun: UST20031100096/6á

Rafskautaverksmiðja á Grundartanga. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14 nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 15 gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.


Kostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um núllkost, þ.e. þann möguleika að ekki verði af byggingu rafskautaverksmiðju á Katanesi. Þar verði fjallað um áhrif þess m.a. á afkomu fyrirtækisins, atvinnumál og þjódarhag.

Þessu til viðbótar telur Umhverfisstofnun að í umfjöllun um núllkost felist jafnframt að skýra frá mögulegum breytingum á ástandi umhverfisins ef ekki verði af framkvæmdum.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að tekið hafi verið tillit til fyrri athugasemda stofnunarinnar (sjá meðfylgjandi umsögn stofnunarinnar um drög að tillögu að matsáætlun dags. 31. október sl.).

Virðingarfyllst,


Ólafur Arnason


Helgi Jónsson

Meðfylgjandi: Umsögn Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun dags. 31. október 2003.